



Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun

Námsgrein: Lestrarklúbbur - Val

Bekkur/hópur: Miðstig

Kennari: Eydís Ósk Indriáadóttir

Tímabil: Vor 2025

Hæfniviðmið

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar sögur og gert sér grein fyrir gildi lesturs.
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Valið sér fjölbreytt lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Lykilhæfni.

- Unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Sett sér markmið og unnið skipulega.

Helstu námsbækur og gögn:

- Bækur sem nemendur velja og lesa og gögn til að rita úrdrætti.

Leiðsagnarmat:

- Virkni í tímum og mæting.
- Umsögn í lok annar.
- Vinnusemi og áhugi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.

Megináherslur:

- Nemendur lesa bækur sem þeir velja sér. Eftir lestur segja nemendur í stuttu máli frá bókinni og eins rita þau smá úrdrátt úr henni. Fjallað verður um nokkur helstu hugtök í bókmenntum, s.s: persónur, sögusvið, tíma og umhverfi en aðaláherslan verður á að *lesa til gamans* og þjálfast í samræðu um efni bókanna.